



Borgarráð

**Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun árið 2022****1. Hjallastefnan – vegna leigu og framkvæmda við húsnæði að Skógarhlíð 6**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 38,5 m.kr. vegna mótframlags Reykjavíkurborgar á leigu á tímabundu leiguhúsnæði að Skógarhlíð 6 fyrir starfsemi Hjallastefnunnar sem og 120,2 m.kr. vegna framkvæmda svo húsnæðið hæfi skólastarfi, samanlagt 158,7 m.kr. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-158.700
SFS	xxx	Hjallastefnan - vegna leigu og framkvæmda við húsnæði	Til	158.700
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

**Greinargerð:**

Vísað er til samþykkis borgarráðs frá 5. maí 2022, liður 33 mál MSS22040015 um samstarfsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar, viðauka við hana 23. júní 2022 sem felur í sér að Hjallastefnan skuldbindi sig til að gera tímabundinn leigusamning um húsnæði og flytja skólastarf sitt úr núverandi húsnæði við Nauthólsveg og samþykkt borgarráðs frá 23. júní liður 7 um viðauka vegna hönnunar og undirbúnings á tímabundnu leiguhúsnæði. Unnið er að undirbúningi að framtíðarskólahúsnæði en til þess að brúa bilið er nauðsynlegt að leigja annað húsnæði tímabundið að Skógarhlíð 6 fyrir starfseminna. Í húsnæðinu er gert ráð fyrir allri starfsemi sem nú er í leikskólanum Öskju og Barnaskólanum í Reykjavík auk 20 nýrra leikskólalássa. Búið er að gera uppdrátt að viðkomandi húsnæði og starfseminni og leggja fyrir byggingarfulltrúa, teikna upp flóttaleiðir og hanna rýmingaráætlun, betra loftræstikerfi, bæta hljóðvist o.fl. Gerð hefur verið nákvæm kostnaðaráætlun sem tekur mið af öllum kröfum eftirlitsaðila og skilyrðum til undanþágu af hálfu ráðherra. Samanlagt er gert ráð fyrir að kostnaður við endurbætur og framkvæmdir nemi 135,2 m.kr. en þar af hafa 15 m.kr. verið fjármagnaðar með viðauka sem lagður var fram á fundi borgarráðs þann 23. júní sl. Ráðgert er að skólastarf hefjist í viðkomandi leiguhúsnæði í ágústmánuði.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri